

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. desember 1984, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag, til þingfestingar í febrúar-mánuði 1985. Fékk áfrýjandi þá frest til aprílmánaðar, en þá enn til júnímánaðar 1985. Er málið var tekið fyrir 3. júní sl., það áfrýjandi um, að málinu yrði frestað til októbermánaðar nk. Stefndu Gjaldheimtan í Reykjavík, Magnús Þórisson, Skeljungur h/f og tollstjórinn í Reykjavík hafa andmælt því, að fresturinn verði veittur, og krafist þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Aðrir stefndu hafa ýmist ekki sótt þing eða ekki andmælt frestbeiðninni. Loks hefur Kristján Stefánsson héraðsdómslögmaður látið sækja þing, andmælt frestbeiðninni og krafist frávísunar málsins og ómaksbóta, en kröfur af hans hendi koma ekki til álita, með því að ekki sést, að honum hafi verið stefnt fyrir Hæstarétt.

Ágrip dómsgerða hefur eigi borist Hæstarétti, og upp er komið, að áfrýjandi muni ekki enn hafa beðið um dómsgerðir frá uppboðshaldaranum í Reykjavík. Að svo vöxnu máli ber að vísa málinu frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Miðvikudaginn 12. júní 1985.

Nr. 129/1984. **Lagmetisiðjan Garði h/f**

(Páll A. Pálsson hrl.)

gegn

Karli Arasyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Skuldajöfnuður. Framsal kröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur með stefnu 3. júlí 1984, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. júní s.á. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, skotið málinu til Hæstaréttar. Hann krefst aðallega, að því verði vísað frá héraðsdómi, en til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og í báðum tilvikum málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til þrautavara er gerð sú krafa, að dæmd fjárhæð verði lækkuð verulega og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Ekki þykja þeir annmarkar vera á kröfugerð eða málavaxtalýsingu stefnda, að varði frávísun málsins frá héraðsdómi.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, lánaði Siglósíld, Siglu-firði, áfrýjanda þá 40.000 dósabotna, sem mál þetta er risið af, gegn skilum „í sama“. Eignarréttinn að þeim framseldi Siglósíld Jóhannesi Arasyni, sem aftur framseldi hann stefnda. Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi átt rétt á skuldajöfnuði við Jóhannes Arason vegna lánsins á dósabotnunum, en Jóhannes mátti krefja um efndir lánsamningsins eftir aðalefni hans.

Fyrir Hæstarétti hafa umboðsmenn aðilja lýst yfir því, að ekki sé tölulegur ágreiningur í málinu annar en sá, hvort miða beri verðmæti dósabotnanna við 20.396,00 krónur eða 35.000,00 krónur eftir því, hvort miðað sé við verðlag í maí 1981 eða maí 1982.

Með vísan til framanritaðs og forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 18.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Lagmetisiðjan Garði h/f, greiði stefnda, Karli Arasyni, 18.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómpings Gullbringusýslu 2. mars 1984.

Mál þetta, sem var dómtekið þann 17. þ.m., hefur Karl Arason, nnr. 5478-8738, Akurbraut 7, Njarðvík, höfðað fyrir dóminum á hendur Lagmetisiðjunni Garði h.f., Gerðahreppi, Gullbringusýslu, til greiðslu skuldar

að fjárhæð kr. 36.500,00 ásamt 37% ársvöxtum frá 25. maí 1982 til þingfestingardags, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu, þ.á m. kr. 2.850,00 í löghalds- og þinglýsingarkostnað. Þá er krafist staðfestingar á löghaldi, sem gert var 25. maí 1982 í fógetarétti Gullbringusýslu, hjá stefnda, til tryggingar ofangreindri fjárhæð.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu og málskostnaðar.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að stefndi skuldi honum andvirði 40.000 dósabotna, 99×33 millimetrar, er hann hafi ekki staðið skil á. Dósabotna þessa lánaði Siglósíld, Siglufirði, stefnda þann 15.5. 1981 gegn skilum á sama. Siglósíld, Siglufirði, framseldi síðan Jóhannesi Arasyni eignarrétt á dósabotnunum með símskeyti þann 23.4. 1982, sem aftur framseldi réttinn til stefnanda með framsali, dags. 14. maí 1982. Stefnandi viðurkennir að hafa fengið dósabotnana að láni og hafa notað þá. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að krafan miðist við verð á dósabotnum á þeim tíma, er ljóst hafi verið, að stefndi gat ekki efnt samninginn með skilum „in natura“. Í maí 1982 hafi verð á dósabotnum samkvæmt upplýsingum frá Sölustofnun Lagmetis numið 87,05 aumur pr. stk. og sé því krafan við það miðuð. Af hálfu stefnda er því ekki mótmælt út af fyrir sig, að verð á dósabotnum samkvæmt reikningi stefnanda geti verið rétt. Hins vegar byggir stefndi á því, að við útreikning kröfunnar eigi að miða við það verð, sem gildi þann 15.5. 1981, og næmi þá verðmæti dósabotnanna kr. 20.396,00.

Sýknukrafa stefnda byggist á því, að samkvæmt framlögðum skjölum skuldi Jóhannes Arason Lagmetisíðjuni kr. 23.198,00 í sambandi við yfirtöku hans á pillunarstöð að Háteigi í Garði, svo og kr. 31.677,96 samkvæmt viðskiptareikningi, sbr. ljósrít úr viðskiptabók janúar 1982. Stefnandi hefur mótmælt því, að skuldajöfnuður þessi komist að í málinu. Jóhannes Arason hafi ekki komið fyrir dóminn og honum hafi ekki verið stefnt.

Gegn andmælum stefnanda verður ekki talið, að skilyrði skuldajafnaðar séu fyrir hendi, sbr. 49. gr. laga nr. 82/1936.

Fallast verður á það með stefnanda, að miða beri verðmæti dósabotnanna við verð á slíkri vöru á þeim tíma, er fjárkrafa stofnaðist á hendur stefnda.

Ber því að taka kröfu stefnanda til greina að öðru leyti en því, að ekki er fallist á kröfu um greiðslu kr. 1.500,00 vegna tilrauna til að fá dósabotnana afhenta, enda er sú krafa ekki studd gögnum.

Mál þetta var upphaflega þingfest 9.6. 1982. Er dómariinn tók við málinu í júní 1983, höfðu orðið þau frávik frá almennum reglum um málsmeðferð, að málið var formlega hafið í þinghaldi 23.9. 1983. Með samþykki stefnda var mál þetta þingfest að nýju þann sama dag.

Dómurinn telur, að fella beri niður löghald til tryggingar kröfum þessum, sem gert var í fógetarétti Gullbringusýslu þ. 25. maí 1982, þar sem máli til staðfestingar löghaldinu hefur ekki verið haldið réttilega til laga.

Með hliðsjón af þessu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 35.000,00 með 37% ársvöxtum frá 25. maí 1982 til 23.9. 1983, 39% ársvöxtum frá þ.d. til 21.10. 1983, 36% ársvöxtum frá þ.d. til 21.11. 1983, 32% ársvöxtum frá þ.d. til 21.12. 1983, 25% ársvöxtum frá þ.d. til 21.1. 1984, 19% ársvöxtum frá þ.d. til 2.3. 1984, en þá með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum til greiðsludags.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilegur kr. 12.000,00.

Dóm þennan kvað upp Valtýr Sigurðsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Lagmetisiðjan Garði h.f., greiði stefnanda, Karli Arasyni, kr. 35.000,00 með 37% ársvöxtum frá 25. maí 1982 til 23.9. 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10. 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. 1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21.01. 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til þessa dags og síðan með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum til greiðsludags auk málskostnaðar, kr. 12.000,00, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. júní 1985.

Nr. 136/1983. **Brandur Brynjólfsson**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Magnúsi Magnússyni

(enginn)

Stefnubirting. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.